

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 27

Dags. 21.2.2007

Umhverfis- og skipulagsnefnd, fundur nr. 27

Fundur haldinn í Kjarna 21.febrúar 2007 kl. 10.30. Fundargerð skráð í tölvu.

Mætt eru Sigurður Skúlason, Þórunn Jónsdóttir, Helgi Hallsson og Ragnar Bjarnason, sem ritaði fundargerð. Guðrún Tryggvadóttir boðaði forföll.

Formaður setur fund og býður nefndarfólk velkomið

1 Erindi frá Bergljótu Þorsteinsdóttur fyrir hönd Svövu Hermannsdóttur eiganda Skóga í Fnjóskadal varðandi skipulag nýrrar frístundabyggðar í landi Skóga.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið, þó þarf að huga að útfærslu skipulagsins miðað við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd áætlað að halda kynningar- og umræðufund varðandi gerð aðalskipulags með landeigendum á svæðinu þar sem farið verður yfir heildstætt skipulag svæðisins.

2 Erindi frá Kristveigu Sigurðardóttur varðandi skipulag í fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði.

Erindið tekur til væntinga sveitarfélagsins varðandi stofnun þjóðgarðsins. Sveitarstjóra falið að svara erindinu miðað við umræður í nefndinni.

3 Gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar

Rætt um tilhögun vinnu við gerð aðalskipulagsins á næstunni. Drög að greinargerð hafa borist frá Kristínu hjá Hornsteinum. Stýrihópur fundar í næstu viku og stefnd er að því að halda fundi með íbúum í sveitarfélaginu í kringum mánaðamótin mars/apríl. Ákveðið að fá Kritstínu til að koma að undirbúningi þessara funda.

Rætt um skráningu fornleifa í tengslum við og í framhaldi af gerð aðalskipulags.

4 Önnur mál

a) Staðardagská 21.

Rætt um staðardagskrá 21 og hvort það sé raunhæft að innleiða dagskránnu að hluta til eða í heild í starfi Þingeyjarsveitar. Víðtækar umræður um efnið en ekkert ákveðið.

b) Nefndin beinir þeim tilmælum til íbúa sveitarfélagsins að ganga vel um og halda umhverfi sínu snyrtilegu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 11.50.

Ragnar Bjarnason